



## „Fjórar árstíðir“ (Bræður sýna)

Hörður og Snorri Karlssynir halda sýningu á verkum sínum í annarri álmu Vestursalarins að Kjarvalsstöðum. Í hinum endanum er sýning Sigurðar Orlygssonar, og verður hún ekki til umræðu hér. Hörður Karlsson er Reykvikingur, er fór ungar að árum til Vesturheims og hefur haft þar nokkurn frama. Unnið alþjóðasamkeppni um frimerki, svo að aðeins sé minnst á eitt atriði í frama hans. Hann hefur haldið sýningu á verkum sínum bæði hér heima og í Bandaríkjunum og á Spáni. Hörður sýnir að sinni aðeins olíumyndir, en hann hefur unnið bæði í olíu og Acril, svo að hér er líklegast meira um frummyndir að ræða en á fyrri sýningu, er hann hélt hér fyrir nokkrum árum. Hvað um það, þá hafa þessar krítarmyndir sérstakan tón og koma vel til skila því er listamaðurinn vill segja.

Það eru rúmlega fimmtíu krítarmyndir á þessari sýningu, og eru þær í heild mjög snotur verk. Það, sem einna mest einkennir þessar myndir, eru hreyfingar forms og litar. Það er eins og hafaldan hafi átt sinn þátt í myndsjón Harðar, en ekki veit ég hvort hann sjálfur gengur inn á þá speki. Segja mætti mér, að hann vildi heldur, að sagt væri, að hér væri um hreina abstrakta túlkun að ræða. Þessi verk bera ekki nöfn til að brensla ekki tilgangi þeirra, segir hann sjálfur í sýningarskrá. Þetta er ágætt, og ég er Herði sammála að nokkru, en samt fæ ég ekki betur séd en að móðir náttúra eigi sitt innskot í þessum krítarmyndum, hvað sem hver segir. Það er heldur ekkert eðlilegra, þar sem allt sem skapað er og lifir í tilveru okkar, er meira og minna tengt sínu umhverfi. Ef svo væri ekki, mundu hlutirnir verða afvelta í sjálfu andrúmslofti umhverfisins. Því er til dæmis harðsvíruð geometrisk list partur af náttúrunni sjálfri í mínum augum.

Þau verk, er Hörður sýnir að sinni, eru nokkuð einhæf í

myndbyggingu en hafa aftur á móti mikla og mismunandi litagæði. Sveiflur og smáform eru einkennandi fyrir allar þessar myndir, en andrúmsloft þeirra breytilegt. Það er enginn viðvaningur, sem hér er á ferð, og hann hefur auðsýjanlega þroskast í nánu samfélagi við þá amerísku myndgerð, sem einna hæst bar milli 1960–70 og hefur verið kölluð Expressionistisk abstraktion. Þetta tímabil var mjög ríkt og þróttmikil í listasögu Bandaríkjanna, og ef til vill olli þessi stefna því, að

### Myndlist

eftir VALTÝ  
PÉTURSSON

New York stal glæpnum frá sjálfri París? Við hér heima höfum fengið ýmislegt frá þessu tímabili, og þarflaust að skammast sín fyrir það. Sem stendur eru aftur aðrir straumar, sem herja á unga fólk. Ágætt, vonandi verður þetta svona á komandi árum og veitir þannig næringu inni list okkar hér milli álfa.

Um Snorra Karlsson sem listamann veit ég bókstaflega ekkert. Hann hefur snúið sér að tréskurði og gerir abstraktar súlur og hugdettur úr nosturslega unnum víði. Það fer ekki milli mála, að hann hefur horft á verk Sverris Haraldssonar á þessu sviði og er nokkuð nálægt honum. Það eru á þessari sýningu átta verk eftir Snorra, hafi ég tekið rétt eftir. Af þeim var það sérstaklega eitt, er mér fannst fastast og skemmtilegast í formi. „Tröllaslagur“ nefnir Snorri þetta verk.

Þeir bræður eru mjög ólíkir í list sinni, en mér fannst verk þeirra fara vel saman. Þetta er hressileg og skemmtileg sýning, sem ég hefði ánægju af að skoða. Það er mikil hljómlist í þessari sýningu, og hún kemur manni í gott skap.

Valtýr Pétursson

# Frá nyrstu ströndum

STRANDAPÓSTURINN.

Ársrit X, 123 bls.  
Útg.: Atthagafélag strandamanna 1976

VÍÐSVEGAR um land eru gefin út rit sem atthagafélög standa að. Eru þau jafnan helguð héraði þess félags sem gefur þau út og flytja blandað efni, mestmegnis þjóðlegan fróðleik en einnig annars konar fræði að ógleymdum skáldskap. Rit þessi láta lítið yfir sér. Útgefendur eru fæstir hávaða- eða auglýsingamenn en þeim mun áhugasamari í sinn hóp. Þess vegna er tilviljunum háð hvernær — eða hvort þessi rit ber yfirhöfuð nokkru sinni fyrir augu gagnrýnenda.

Strandapósturinn er eitt þessara rita, gefinn út af atthagafélagi strandamanna. Nokkuð er nú umliðið síðan síðasta heftið kom út en órskammt síðan það barst mér í hendur og satt að segja var ekki meir en svo að ég vissi að það væri til fyrr en nýverið. Ritnefndarmenn eru tilgreindir fimm, þeirra á meðal Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka sem ótulllega hefur safnað þjóðlegum fróðleik í áttögum sínum og víðar. Hann leggur þó ekki til þess konar efni í umræddan árgang en á þar hins vegar tvö kvæði. Í ritinu kennir margra grasa og verður það ekki allt talið upp hér heldur stiklað á stóru.

Strandir geta öðrum héruðum fremur kallast minningaland. Þar var fyrrum byggð við hvern fjörð að kalla. Á síðustu áratugum hefur stór hluti sýslunnar farið í eyði. En margir íbúar hinna eyddu byggða eru enn á lífi og til frásagnar um horfna búsetu og lifnaðarhætti. Er því síst að furða þó höfundar þessa rits líti um öxl — yfir farinn veg!

Hákarlaveiðar þóttu fyrrum karlmannlegur atvinnuvegur. Og strandamenn voru frægir hákarlamenn. Hákarlaveiðar eiga því verulegt rúm í þessari bók. Þór Magnússon þjóðminjavörður skrifar þáttinn Hákarlaveiðtæki af Ströndum. »Stærsti safngripurinn í Bygðasafni Húsvetninga og Strandamanna á Reykjum er Hákarlaskipið Ófeigur frá Ófeigsfirði,« segir Þór Magnússon. »Hann á vafalítið mikinn þátt í því að gera safnið á Reykjum svo eftirtelktarvert sem raun ber vitni

Strandapósturinn  
10. útg.



um, og eru þó í safninu á Reykjum óvenju margir góðir safngripir og safnið í heild sinni eitt bezta byggðasafn hérlendis.»

Síðan upplýsir þjóðminjavörður að Ófeigur sé í rauninni eign þjóðminjasafnsins, hafi verið fenginn til safnsins 1939 vegna sérstaks sjóminjasafns sem þá var fyrirhugað að koma á laggirnar. Hafi síðan verið gert við skipið en eigi að síður sé það nú »talsvert frábrugðið því er það var í notkun.»

Jóhannes Jónsson lýsir í þættinum Að kasta og þurrka hákarl

### Bókmenntir

eftir ERLEND  
JÓNSSON

hvernig farið var að því að breyta þessum kraftalega aflafeng í karlmannlegan kjörrett (því það þótti hákarlinn svo sannarlega vera samanber orð Jóns sterka í Skugga-Sveini). Hákarlinn er líka þjóðsagnaskepna. Og skrítnar sögur hafa verið sagðar af hákarlsverkun — t.d. að hákarl hafi orðið svo bestur og bragðmestur að hann væri kæstur í fjóshaug — vafalaust sagðar til að ganga fram af þeim sem þekkja ekki annað en lyktina af þessum »þorramat«. Af

þætti Jóhannesar má ráða að hákarlsverkun er ekki aðeins vandasöm heldur krefst hún síns hreinlætis.

En Jóhannes Jónsson ritar þarna um fleira því hann á einnig þátt um fráfærur. Er sá þáttur einnig greinagöður og gagnorður.

Jón Kristjánsson á þætti í ritinu, einn um forystufé, annan um sögu ungmennafélags í Bæjarhreppi. Hinn þriðja nefnir hann Frá hernámsárunum í Hrutafirði. Nú kann að vera gleymt að í Hrutafirði voru á stríðsárunum einhverjar mestu herstöðvar hérlendis utan Reykjavíkur. Telur Jón að brettar hafi álitid Hvalfjörð og Hrutafjörð »best fallna til innrásar frá sjó, vegna hagstæðra náttúruskilyrða, þ.e.a.s. ef þjóðverjar reyndu á annað borð að setja hér lið á land.« Hernámsþáttur Jóns er léttur og skemmtilegur. En ég hefði kosið að Jón segði söguna nokkru gerr, svo margt sem hvarvetna breyttist hér við tilkomu hersins.

Þá eru í Strandapóstinum nokkrir stuttir þættir eftir

Simon Jóh. Ágústsson. Simon Jóh. var einn fárra sem halda sinni vökulu fróðleiksþrá til efri ára þrátt fyrir langskólanám og lærdómsiðkanir. Nú er hann fallinn í valinn og verðugt að ritstjórar Strandapóstsins skuli helga honum þessa bók öðrum mönnum fremur.

Onefndir eru svo í ritinu ýmsir þættir og kveðskapur og er það efnid að engu leyti ómerkara en það sem nefnt hefur verið.

Hlutverk rits af þessu tagi er ótvírætt. Og efni til þess þarf aldrei að þrjóta; gamalt tæmist eða gleymist, nýtt verður til. En brýnna er strandamönnum en öðrum að skrá fræði sín meðan tími er til þar sem menn eru enn til frásagnar um eyðibýggdir sýslunnar — en hljóta senn að týna tölunni því lengra sem líður frá eyðing þeirra. Hverjir verða til frásagnar um mannlíf á Ströndum þegar þeir eru farnir?

Notalegt er að lesa rit eins og Strandapóstin; hann ber með sér höfgan ilm liðinna daga og skyldi hann lengi lifa.

Erlendur Jónsson

## TILKYNNING

### TIL ÍBÚA Í BREIÐHOLTII III

Stofnsett hefur verið heilsugæslustöð í Breiðholti. Þjónustusvæði stöðvarinnar (heilsugæslusvæði) nær til Fella- og Hólhverfa, þ.e. Breiðholts III.

Heilsugæslustöðin er til húsa að Asparfelli 12, 2. hæð.

Fyrst um sinn verður aðeins unnt að veita hluta af íbúum hverfisins almenna lækniþjónustu og heilsuvernd á vegum stöðvarinnar, en þar munu í byrjun starfa tveir læknar.

Þeir íbúar í Breiðholti III, sem óska að sækja lækniþjónustu til stöðvarinnar, þurfa að koma þangað til skráningar og hafa meðferðis persónuskilríki. Fyrstu þrjá dagana verða eingöngu skráðir þeir íbúar hverfisins sem ekki hafa heimilislækni, og njóta þeir því forgangs. Skráning hefst mánudaginn 22. maí og verður opið kl. 10—12 og 13.30—15 til 31. maí.

Læknar stöðvarinnar hefja störf 1. júní.

Tekið verður á móti tímapiöntunum í síma 75100.

Reykjavík, 17. maí 1978.

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar  
Borgarlæknirinn í Reykjavík  
Sjúkrasamlag Reykjavíkur



EF ÞAÐ ER FRÉTT-  
NÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í  
MORGUNBLAÐINU